

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 36/2010**

**frá 12. mars 2010**

**um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 156/2009 frá 4. desember 2009 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1006/2009 frá 16. september 2009 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 808/2004 um hagskýrslur Bandalagsins um upplýsingasamfélagið <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1022/2009 frá 29. október 2009 um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1738/2005, (EB) nr. 698/2006 og (EB) nr. 377/2008 að því er varðar alþjóðlegu starfsgreinaflokkunina (ISCO) <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1023/2009 frá 29. október 2009 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 808/2004 um hagskýrslur Bandalagsins um upplýsingasamfélagið <sup>(4)</sup>.
- 5) Fella ber inn í samninginn tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2009/824/EB frá 29. október 2009 um notkun alþjóðlegu starfsgreinaflokkunarinnar (ISCO-08) <sup>(5)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Ákvæði XXI. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 28. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 808/2004):

„– **32009 R 1006**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1006/2009 frá 16. september 2009 (Stjtið. ESB L 286, 31.10.2009, bls. 31).“

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 62, 11.3.2010, bls. 61, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 12, 11.3.2010, bls. 59.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 286, 31.10.2009, bls. 31.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 283, 30.10.2009, bls. 3.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 283, 30.10.2009, bls. 5.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 292, 10.11.2009, bls. 31.

2. Eftirfarandi bætist við í fyrsta undirlið í lið 18db (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1738/2005) og í liðum 18f (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 698/2006) og 18an (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 377/2008):

„eins og henni var breytt með:

- **32009 R 1022**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1022/2009 frá 29. október 2009 (Stjtíð. ESB L 283, 30.10.2009, bls. 3).“

3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 28d (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 960/2008):

„28e. **32009 R 1023**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1023/2009 frá 29. október 2009 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 808/2004 um hagskýrslur Banda lagsins um upplýsingasamfélagið (Stjtíð. ESB L 283, 30.10.2009, bls. 5).“

4. Eftirfarandi bætist við eftir lið 18z (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1338/2008):

„*GERÐIR SEM SAMNINGSADILAR SKULU TAKA MIÐ AF*

Samningsaðilar skulu taka mið af efni eftirfarandi gerðar:

- 18za. **32009 H 0824**: Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2009/824/EB frá 29. október 2009 um notkun alþjóðlegu starfsgreinaflokkunarinnar (ISCO-08) (Stjtíð. ESB L 292, 10.11.2009, bls. 31).“

## 2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 1006/2009, 1022/2009 og 1023/2009 og tilmæla 2009/824/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

## 3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 13. mars 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

## 4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 12. mars 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
**A. Seatter**  
formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.